

## **52. Fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 18.ágúst 2014.**

Fundur settur kl. 20:30 í Kirkjubæjarstofu

Mættir: Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ingólfur Hartvigsson, Eyrún Elvarsdóttir og Ólafía Jakobsdóttir.

Formaður setur fund.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fyrst á dagskrá var kosning varaformanns og ritara menningarmálanefndar.**

*Ingólfur Hartvigsson var kosinn varaformaður og Eyrún Elvarsdóttir ritari.*

#### **2. Uppskeruhátíð Skaftárhrepps 2014**

*Ólafía Jakobsdóttir kemur inn á fundinni.*

*Áhersla verður lögð á Skaftártungu og Álftaver að þessu sinni og verður uppskeru- og þakkarmessa í Grafarkirkju. Samþykkt var að tengja uppskeruhátíðina safnahelginni líkt og undanfarin ár og vinna í samstarfi við Kirkjubæjarstofu. Sandra og Ólafía taka að sér að auglýsa eftir þátttakendum fljótlega. Ingólfur tekur að sér að ræða við Pétur Eggerz varðandi samstarf við Möguleikhúsið. Athuga þarf með uppboðshaldara. Sú hugmynd kom upp um að hafa sameiginlega kvöldmáltíð sem yrði skipulögð þegar nær dregur og búið væri að tala við veitingaaðila hreppsins. Þar þyrfti einnig að athuga með veislustjóra. Einnig var rætt að gaman væri að hafa einhverskonar þema sem íbúar Skaftárhrepps gætu sameinast um. Rætt var um að reyna að koma bókasafninu að í dagskrá uppskeruhátíðarinnar.*

*Ingólfur verður ekki við dagana 17.-29. okt 2014 varamaður mun því koma í stað hans á þessum tíma vegna undirbúnings fyrir uppskeruhátíðina.*

*Ólafía vikur af fundi.*

#### **3. Erindisbréf Menningarmálanefndar- tillaga að breytingu vegna starfshátta menningarmálanefndar.**

*Í núverandi erindisbréfi stendur; Menningarmálanefnd kemur saman á fastákveðnum fundartíma ársfjórðungslega. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi að fenginni tillögu sveitarstjóra.*

*Meningarmálanefnd leggur til eftirfarandi breytingar varðandi starfshætti samkvæmt erindisbréfi; Menningarmálanefnd kemur saman að lágmarki fjórum sinnum á ári. Skal gerð samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi menningarmálanefndar.*

#### **4. Samþykkt um fundartíma menningarmálanefndar.**

*Meningarmálanefnd kemur saman að lágmarki fjórum sinnum á ári.*

#### **5. Starfsmannastefna Skaftárhrepps.**

*Meningarmálanefnd gerir eftirfarandi bókun um starfsmannastefnu Skaftárhrepps;*

*Meningarmálanefnd hvetur sveitarstjórn Skaftárhrepps til að vanda til verka við gerð starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að slík stefna sér unnin í góðu samstarfi við stjórnendur stofnanna sveitarfélagsins og tekið sé tillit til mismunandi þarfa og hún þannig löguð að starfsmönnum þessa sveitarfélags. Afritun starfsmannastefnu annars sveitarfélags, hvort sem er að hluta til eða í heild sinni líkt og skjalið sem fyrir liggur, getur vart talist faglegt og vonumst við að aðeins sé um vinnuskjal að ræða. Starfsmannastefna þarf að innihalda lýsingar á þeim leiðum sem stjórnendur nýta til að ná settum markmiðum í starfsmannastefnunni. Einnig þarf að koma skýrt fram hverjum er ætlað að hafa eftirlit með því að verið sé að starfa í samræmi við útgefna starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Einnig má benda á að gott er að biðja fráfarandi starfsmenn um skýringar á ástæðum starfsloka sem vel getur nýst stjórnendum til að gera starfsumhverfið enn betra.*

## **6. Uppgjör vegna Kammertónleika.**

*Niðurstaða Kammertónleika er svipuð og undanfarin ár. Sandra sér um að senda lokaskýrslu til menningarráðs til að innheimta eftirstöðvar styrks.*

*Á fundinum var einnig rætt um hvernig hægt væri að vekja enn meiri athygli á Kammertónleikunum á Kirkjubæjarklaustri. Auglýsa með góðum fyrirvara. Upp kom hugmynd um að reyna að samtvinna tónlistaskólann við Kammertónleikana, t.d ef eitthvað tónskáld væri fengið til að koma og semja opið verk sem hver og einn nemandi tónlistarskólans tæki þátt í. Til þess að þetta gæti orðið að veruleika þyrfti að fá styrk í verkefnið.*

Fundi slitið kl:22:30